

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Bíldudalshöfn, vegna Hafnarteigs 4, Vesturbyggð.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti þann 28. mars 2012 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Bíldudalshöfn, vegna Hafnarteigs 4, Vesturbyggð.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að lóðin Hafnarteigur 4 verður stækkuð til norðurs og byggingarreitur er stækkaður vegna nýs þurrkarahúss og húss fyrir forþurrkun hráefnis og mötun hráefnis til beggja þurrkara. Lóðarmörkum Hafnarteigs 1 og Strandgötu 2 verður breytt og gata sem var fyrirhuguð milli lóðanna verður felld niður.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Vesturbyggð, 11. maí 2012.*

**Ásthildur Sturludóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. maí 2012